

Ed.

11. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 10 13. jan. 1938, um að reisa síldarverksmiðju á Raufarhöfn og aukningu við síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði, og lögum nr. 42 12. febr. 1940, um breyting á þeim lögum.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Til þeirrar aukningar síldarverksmiðjanna á Raufarhöfn og Siglufirði, sem um ræðir í lögum nr. 10 13. jan. 1938 og lögum nr. 42 12. febr. 1940, heimilast stjórn síldarverksmiðja ríkisins að taka lán, að upphæð allt að þrjár milljónir og tvö hundruð þúsund krónur, eða jafngildi þess fjár í erlendum gjaldeyri. Ríkissjóður ábyrgist greiðslur tóðra lána.

2. gr.

2. gr. laga nr. 10 13. jan. 1938 og 2. gr. laga nr. 42 12. febr. 1940 eru felldar úr gildi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir ósk fjármálaráðherra, og eru einstakir nefndarmenn óbundnir um einstök atriði málsins. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Stjórn síldarverksmiðja ríkisins hefur látið í ljós ósk um að mega sjálf annast lántökur þær, sem um ræðir í framangreindum lögum, og hefur þegar samið við Landsbankann um útvegum slíks láns, ef til kæmi. Ráðuneytið telur rétt, að lán, sem tekin eru til byggingar síldarverksmiðjanna, séu ekki talin með skuldum ríkissjóðs, heldur tilfærð á efnahagsreikningi síldarverksmiðjanna, og getur því fallizt á, að lánin séu tekin í nafni síldarverksmiðjanna með ábyrgð ríkissjóðs, en til þess þarf að breyta gildandi lögum um lántökur þessar, og er frumvarp þetta því horið fram.“